

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2001

frá 28. febrúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/103/EB frá 24. janúar 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 104, 29.4.2000, bls. 89 og Stjtið. EB L 311, 12.12.2000, bls. 50, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun ráðsins 80/181/EBE) í IX. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0103:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/103/EB frá 24. janúar 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar (Stjtið. EB L 34, 9.2.2000, bls. 17, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 104, 29.4.2000, bls. 89 og Stjtið. EB L 311, 12.12.2000, bls. 50).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 34, 9.2.2000, bls. 17.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/103/EB, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 104, 29.4.2000, bls. 89 og Stjtið. EB L 311, 12.12.2000, bls. 50, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.